

133. löggjafarþing 2006–2007.  
Þskj. 1014 — 595. mál.

## Svar

utanríkisráðherra við fyrirspurn Birkis J. Jónssonar um störf á landsbyggðinni.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

1. *Hversu mörg störf á vegum ráðuneytisins hafa orðið til á landsbyggðinni frá samþykkt byggðaaætlunar 2006?*
2. *Hverjar eru áætlanir ráðherra um frekari fjölgun opinberra starfa á landsbyggðinni?*

Í kjölfar samþykktar byggðaráætlunar 2006 hefur ráðherra ákveðið að opna útibú frá þýðingamiðstöð utanríkisráðuneytisins við Háskólann á Akureyri. Áætlað er að útibúið verði opnað í apríl nk. og að þar muni fyrst um sinn starfa fjórir til sex starfsmenn. Ef áframhald verður á stöðugri aukningu verkefna hjá þýðingamiðstöð gerir ráðuneytið ráð fyrir nokkurri fjölgun starfsmanna á Akureyri á næstu árum.

Ekki er gert ráð fyrir frekari fjölgun starfa á vegum ráðuneytisins á landsbyggðinni ef undan er skilin möguleg starfsemi á öryggissvæði við Keflavíkurflugvöll.